

40 m, skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram. 126
12. júlí

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugagjöld skulu greiddast með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á tveimur árum, og fer fyrsta greiðsla fram um næstu mánaðarmót eftir að heimtaug hefir verið tengd. Sé allt heimtaugagjaldið greitt um leið og tenging fer fram, veitist 10% afsláttur á því.

IV. Ýms gjöld.

1. Opnunargjöld.

Hafi verið lokað fyrir veitu, vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, eða samkvæmt ósk notanda, skal taka tveggja krónu gjald fyrir enduropnun veitunnar.

2. Sekt fyrir óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandi hefir greitt tveggja krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júlí 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um hundahald í Ólafsvíkurhreppi.

127

8. des.

1. gr.

Bannað er öllum íbúum Ólafsvíkurhrepps að halda hunda.

Bann þetta gildir einnig um þá hunda, sem vera kunna taldir að eiga heima utan hreppsins, en vitanlegt er, að eigendur þeirra eru búsettir í Ólafsvíkurhreppi, og hundarnir hafðir þar að staðaldri.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 50—500 kr., og er hver hundur réttdræpur, sem fyrir finnst í hreppnum, eftir að reglugerð þessi hefir öðlast gildi, nema hann fylgi aðkomumanni.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

- 127 Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefir samið og samþykkt, 8. des. staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8 4. júní 1924, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

128

REIKNINGUR

fyrir minnisvarðasjóð Hannesar Hafstein árið 1937.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi kr. 365.85

Tekjur:

Vextir 1937 af bankainnstæðu — 14.60

Eign í árslok 1937 kr. 380.45

Forsætisráðherrann, 18. marz 1938.

Hermann Jónasson.

129

REIKNINGUR

sjóðsins Dýrleifarminning árin 1936 og 1937.

Tekjur:

1. Sjóður við árslok 1935 (Stj.tíð. 1936, B. bls. 491):
 - a. Í Söfnunarsjóði kr. 2307.10
 - b. Hjá forstöðunefnd Dýrleifarminningar — 34.93
- kr. 2342.03
2. Vextir 1936 kr. 119.59
 - Vextir 1937 — 124.07
- 243.66
- Kr. 2585.69

Gjöld:

1. Varið samkvæmt skipulagsskránni 1936 kr. 34.93
 - Varið samkvæmt skipulagsskránni 1937 — 33.92
- kr. 68.85
2. Eign við árslok 1937:
 - a. Í Söfnunarsjóði kr. 2482.04
 - b. Hjá forstöðunefnd Dýrleifarminningar — 34.80
- 2516.84

Kr. 2585.69

Í forstöðunefnd Dýrleifarminningar, Skútustöðum, 7. apríl 1938.

Kristín Sigurðardóttir.

Kristjana Helgadóttir.

Kristjana Hallgrímsdóttir.